

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 9. fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 18. nóvember 2010, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Staða aðalskipulagsgerðar Árni Óla mætir til fundarins.
3. Ákvörðun útsvarsprósentu.
4. Forsendur fjárhagsáætlunar.
5. Erindi frá framkvstj. HSP, styrkbeiðni.
6. Erindi frá Stígamótum, styrkbeiðni.
7. Bréf frá Kristjáni Yngvasyni vegna sölu hlutfjár í Grand Hótel Mývatn.
8. Erindi frá Grána ehf. styrkbeiðni.
9. Erindi frá Orkustofnun, ítrekun um beiðni á umsögn um rannsóknarleyfi.
10. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 9. nóv.
11. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 15. nóv.
12. Fundargerð Skólanefndar dags. 16. nóv.
13. Tillaga að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.
14. Framlagning kjörskrár vegna kosningar til stjórnlagabings
27. nóvember 2010.

Til kynningar:

- Bréf frá Velferðarvaktinni dags. 25. okt.
- Fundargerð Heilbrigðisnefndar Ne. dags. 20. okt.
- Fundargerð stjórnar Sambands ísl. Sveitarfél. dags. 29. okt.
- Bréf frá formanni Framsýnar stéttarfélags dags. 5. nóv.
- Fundargerð stjórnar Eypings dags. 26. okt.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Pétur Snæbjörnsson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að fá að breyta dagskrárröðinni. Samþykkt samhljóða.

2. Staða aðalskipulagsgerðar Árni Óla mætir til fundarins.

Árni fór yfir stöðu aðalskipulagsins og næstu skref. Ljúka þarf matslýsingu sem fyrst og senda á Skipulagsstofnun. Stefnt að því að halda almennan kynningarfund um tillöguna í janúar 2011.

3. Ákvörðun útsvarsprósentu.

Lagt til að útsvarsprósenta ársins 2011 verði 13,28%.
Samþykkt.

4. Forsendur fjárhagsáætlunar.

Forsendur fjárhagsáætlunar ræddar.

5. Erindi frá framkvstj. HSP, styrkbeiðni.

Með bréfi óskar framkvæmdastjóri H.S.Þ. eftir styrk frá sveitarfélögunum í Þingeyjarsýslum til reksturs skrifstofu sambandsins til næstu þriggja ára. Framlagið miðast við 600 kr. pr. íbúa. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

6. Erindi frá Stígamótum, styrkbeiðni.

Erindinu er hafnað.

7. Bréf frá Kristjáni Yngvasyni vegna sölu hlutafjár í Grand Hótel Mývatn.

Sveitarstjórn ítrekar svar sitt frá fundi 9. sept. sl. Þá samþykkir sveitarstjórn að hlutur sveitarfélagsins í Grand Hótel Mývatni ehf. verði auglýstur til sölu.

8. Erindi frá Grána ehf. styrkbeiðni.

Erindinu er hafnað.

9. Erindi frá Orkustofnun, ítrekun um beiðni á umsögn um rannsóknarleyfi.

Með bréfi ítrekar Orkustofnun beiðni sína um umsögn sveitarstjórnar á endurnýjuðu rannsóknarleyfi í Gjástykki til handa Landsvirkjun. Leyfið nær til rannsókna á jarðhita, grunnvatni og efnisnámi.

Á svæðinu er í gildi Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum og er erindið í samræmi við það.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti að leyfið verði veitt.

Undir þessum lið véku af fundi Böðvar og Karl Emil, í þeirra stað komu Birgir Steingrímsson og Auður Jónsdóttir.

10. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 9. nóv.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

11. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 15. nóv.

Ekkert í fundargerð nefndarinnar þarfnast ályktunar við.

12. Fundargerð Skólanefndar dags. 16. nóv.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

13. Tillaga að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.

Undir þessum lið mættu til fundarins Árni Ólafsson frá Teiknistofu Arkitekta og Árni Gunnarsson frá Landsvirkjun.

Með bréfi óskar Hörður Agnarsson f.h. Landsvirkjunar eftir að sveitarstjórn auglýsi og kynni tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, og aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996-2015 og nær til áformaðar 90 MW jarðvarmavirkjunar.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir að taka til auglýsingar deiliskipulag Bjarnarflagsvirkjunar ásamt umhverfisskýslu, í samræmi við 1. mgr. 25. gr.

Skipulags- og byggingarlaga. Sveitarstjórn ítrekar að ef og þegar til framkvæmda kemur verði tryggt að affallsvatni verði fargað með niðurdælingu í jarðhitageyminn og þannig komið í veg fyrir hugsanleg áhrif á vatnsbúskap á vatnasvæði Mývatns og Laxár. Einnig fer sveitarstjórn fram á að Bjarnarflagslón verði látið hverfa af öryggisástæðum og neyðarlosun verði tryggð með öðrum hætti.

Böðvar, Karl Emil og sveitarstjóri véku af fundi við afgreiðslu á þessum lið. Í þeirra stað komu Birgir og Auður.

14. Framlagning kjörskrár vegna kosninga til sjórnlagabings 27. nóv. 2010.

Kjörskrá liggur nú frammi almenningi til sýnis. Á kjörskrá eru 301, 147 konur og 154 karlar. Berist ekki athugasemdir við kjörskrána eins og hún liggur fyrir felur sveitarstjórn sveitarstjóra að undirrita hana og afhenda kjörstjórn.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Pétur Snæbjörnsson.